

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. september 2016
R2016080028/12.8.4

420169-3889

Minnisblað ríkisskattstjóra vegna umræðu um 794. þingmál - frumvarp um námslán og námsstyrki

Minnisblað 1. sept. 2016

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Ríkisskattstjóri

Efni: Minnisblað ritað eftir að starfsmaður ríkisskattstjóra mætti á fund nefndarinnar 1. september sl. vegna umræðu um mál; 794 - frumvarp um námslán og námsstyrki, þar sem til umfjöllunar var umsögn ríkisskattstjóra annars vegar um upplýsingaskyldu ríkisskattstjóra og annarra opinberra aðila, sbr. 25. gr. og hins vegar undanþága frá staðgreiðslu skv. 27. gr.

I.

Um undanþágu frá staðgreiðslu

1. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins er námsstyrkur veittur vegna framfærslu að ákveðinni fjárhæð á mánuði, samkvæmt nánari reglum.

Styrkir teljast til tekna samkvæmt 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Um frádrátt frá slíkum tekjum fer eftir 2. mgr. 30. gr. sömu laga. Þar kemur fram að ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laganna, sem efni sínu samkvæmt á einungis við um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, gildi samt sem áður um frádrátt beins kostnaðar, eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Fram kemur að kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á og má frádráttur hvers árs ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar. Persónulegur kostnaður, þ.m.t. almennur upphaldskostnaður, er ekki frádráttarbær.

Í 2. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, er kveðið á um til hvaða tekna staðgreiðsla tekur og eru þar m.a. taldar upp tekjur samkvæmt 1. og 2. másl. 2. tölul. A-liðar fyrrnefndrar 7. gr. tekjuskattslaga, þ.á m. eru styrkir. Í reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með áorðnum breytingum, eru í 2. gr. taldar upp þær greiðslur sem falla ekki undir staðgreiðslu. Eru þar á meðal nokkrar tegundir styrkja, þ.e. ökutækjastyrkir samkvæmt nánari reglum, útfararstyrkir, styrkir til fræðimanna, listamanna

og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum, starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaga og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna, styrkir sem veittir eru úr sjúkra- og styrktarsjóðum stéttarfélaga vegna alvarlegra veikinda, styrkir sem veittir eru úr minningarsjóðum samkvæmt nánari reglum og ættleiðingarstyrkir sem greiddir eru samkvæmt lögum þar um nr. 152/2006.

Af þessu verður ráðið að fyrirhugaðir námsstyrkir sem beinlínis eru veittir vegna framfærslu teljast til skattskyldra tekna viðtakenda, án nokkurs frádráttar, og þeir eru að óbreyttu, þ.e. samkvæmt gildandi skattfrankvæmd jafnframt staðgreiðsluskyldir.

2. Í 27. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda eigi ekki við um greiðslur **námsaðstoðar. Athygli skal vakin á því að samkvæmt frumvarpinu fellur undir námsaðstoð; námsstyrkur, námslán til framfærslu eða námslán fyrir skólagjöldum. Telja verður að ef ætlunin var sú að undanþiggja einungis námstyrki frá afdrætti staðgreiðslu, þá sé hugtakið „námsaðstoð“ full rúmt og óskýrt. Ef haldið verður fast við þetta afbrigði frá almennri áratugalangri staðgreiðsluskyldu í frumvarpinu er full ástæða til þess að afmarka undanþáguna einungis við námstyrki.** Það sem hér skiptir máli er sá hluti námsaðstoðar sem er í formi námsstyrks, enda teljast lán, sem almennt skal endurgreiða ekki til skattskyldra tekna.

Ríkisskattstjóri telur að affærasælla væri að námsstyrkir þeir sem um ræðir og ætlaðir eru til framfærslu samkvæmt almennri merkingu þess hugtaks verði staðgreiðsluskyldir eins og gilt hefur um sambærilega styrki, hvort heldur frá ríki eða sveitarfélögum, enda liggur fyrir að ekki er heimill neinn frádráttur á móti slíkum styrkjum. Gera má ráð fyrir því að í mörgum tilvikum komi ekki til afdráttar staðgreiðslu þar sem persónuafsláttur verði nýttur á móti styrknum. Persónuafsláttur er nú 51.920 kr. á mánuði og skatthlutfall af fyrstu 336.035 kr. á mánuði er 37,13% sem þýðir að skattleysismörk á mánuði eru tæpar 140.000 kr. (án tillits til lífeyrisiðgjalda).

Þótt útreikningur og staðgreiðsluskil muni valda greiðandi styrkjanna einhverjum umsvifum þá má t.d. benda á að persónuafsláttur er nú rafrænn sem auðveldar allt utanumhald. Ætla má að ávinningurinn af því að fjárhæðir í takt við endanlega álagningu séu sem réttastar í þessu sambandi sé verulegur og þannig komið í veg fyrir að námsmenn sem hafa aðrar tekjur umfram námsstyrkinn fái bakreikning við álagningu opinberra gjalda vegna vangreiddrar staðgreiðslu og/eða ofnýtingar á persónuafslætti. Slíkur bakreikningur gæti orðið verulegur baggi á þessum hópi.

Þá telur ríkisskattstjóri rétt að undirstrika að fyrirsögn III. kafla frumvarpsins ber yfirskriftina: Fyrirkomulag námsaðstoðar. Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er kveðið á um greiðslu vaxtastyrkja. Samkvæmt 27. gr. frumvarpsins óbreyttri, þ.e. að **námsaðstoð** verði undanþegin staðgreiðslu, yrðu styrkir vegna greiðslu vaxtakostnaðar samkvæmt því undanþegnir staðgreiðslu. Rétt er að halda því til haga að samkvæmt áður tilvitnaðri 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga, þá heimilast aldrei frádráttur á frá tekjum utan atvinnurekstrar vegna vaxtakostnaðar og undanþága frá staðgreiðslu á þannig ekki rétt á sér við þessar aðstæður.

Um upplýsingaskyldu ríkisskattstjóra og annara stjórnvalda.


Rétt þykir að skýra umsögn ríkisskattstjóra frekar en gert var á fundi nefndarinnar:

1. Í löggjöf síðari ára hefur verið byggt á því að umsækjandi um opinbera fyrirgreiðslu veiti stjórnvaldi því sem umsókn beinist að upplýst samþykki fyrir upplýsingaöflun
2. Í heimildinni er almennt afmarkað hvaða upplýsinga megi afla
3. Tilgreind eru þau stjórnvöld sem upplýsingaöflun beinist að og skylt er að láta í té upplýsingar á framangreindum forsendum og allt eftir eðli þeirrar umsóknar sem er til úrlausnar hverju sinni.
4. Í 14. og 15. gr. nýsettra laga um húsnæðisbætur má annars vegar sjá ákvæði sem leggur þá skyldu á umsækjanda að heimila stjórnvaldi að afla upplýsinga og hins vegar er framangreindri heimild fylgt eftir með því að lögð er skylda á tilgreind stjórnvöld að láta í té upplýsingar á grundvelli framangreindrar heimildar.


Samkvæmt framansögðu verður að telja full mikið í lagt að stjórnvaldi sem fer með afmarkað stjórnsluverkefni sé annars vegar veitt einhliða sjálfðæmi til þess að afla án nokkurrar takmörkunar hverra þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar kynnu að teljast – í þessu tilfelli - til framkvæmdar á lögum um námslán og námsstyrki og hins vegar að leggja að sama skapi skyldu á ríkisskattstjóra og alla aðra opinbera aðila að verða við hverjum þeim kröfum um upplýsingar sem fram yrðu settar. Um getur verið að ræða persónulegar upplýsingar og ber því að umgangast þær af virðingu og varúð.

ijr/ea

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Elín Alma Arthursdóttir